Nr. 2.
10.
febr.

Lög

um

Söfnunarsjóð Íslands.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Söfnunarsjóðurinn í Reykjavík skal, eptir að lög þessi hafa öðlazt gildi, heita Söfnunarsjóður Íslands, og heldur hann þá, undir ábyrgð landsjóðsins, áfram störfum sínum með því fyrirkomulagi og eptir þeim reglum, er lög þessi ákveða; en aldrei má eign Söfnunarsjóðsins blandast saman við landsjóð.

2. gr.

Tilgangur Söfnunarsjóðsins er að geyma fje, ávaxta það og auka, og útborga vextina um ókomna tíð, eptir því sem upphaflega er ákveðið, sem og að styrkja menn til að safna sjerstakri upphæð.

3. gr.

Kostnað allan við stjórn Söfnunarsjóðsins, svo sem ritföng, skriptir, prentun o. fl., skal greiða af fje því, sem ákveðið er í lögum þessum að ganga skuli til kostnaðar og varasjóðs, og af sama fje skal einnig, þegar efni sjóðsins leyfa, veita sýslunarmönnum Söfnunarsjóðsins og forstjórum þóknun fyrir starfa sinn, eptir því sem það verður ákveðið með lögum. Afganginn af nefndu fje skal leggja í varasjóð, og er það augnamið hans, að standa straum af því tjóni, sem Söfnunarsjóðurinn kann að verða fyrir.

4. gr.

Skyldi Söfnunarsjóðurinn verða fyrir einhverju tjóni áður en varasjóður hans er orðinn nógu mikill til að standast það, svo að taka þyrfti til ábyrgðar þeirrar, sem um er rætt í 1. gr., þá skal svo fljótt sem auðið er endurborga það af tekjum þeim, er varasjóðnum jafn-óðum til falla.

5. gr.

Með lögum má færa niður þann hluta vaxtanna, sem ákveðið er í 20. gr. a, að ganga skuli til kostnaðar og varasjóðs, þegar varasjóðurinn er orðinn svo mikill, að það þyki fært. Skyldi aptur á móti þessi hluti vaxtanna eigi reynast nægilegur til kostnaðar og nauðsynlegrar aukningar á varasjóðnum til frambúðar, þá má með lögum ákveða, að hluti þessi skuli hækka úr 5 % í allt að 10 % af vöxtum sjóðsins, að frádregnum dagvöxtum af innstæðufje.

Lov

om

Islands Sparebank.

Nr. 2.
10de
Febr.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Sparebanken i Reykjavik skal, naar denne Lov er traadt i Kraft, kaldes Islands Sparebank og fortsætter sin Virksomhed under Landskassens Garanti, i det Omfang og efter de Regler, som nærværende Lov fastsætter. Sparebankens Midler maa aldrig sammenblandes med Landskassens.

§ 2.

Sparebankens Formaal er at opbevare, forrente og forøge Pengebeløb og udbetale Renterne i kommende Tider overensstemmende med, hvad der oprindelig er bestemt, samt understøtte Folk til at opspare bestemte Beløb.

§ 3.

Alle Omkostninger ved Sparebankens Bestyrelse, saa som Skrivematerialier, Afskrivning, Trykning m. m., afholdes af det ved nærværende Lov til Omkostninger og Reservefond bestemte Beløb, af hvilket endvidere, naar Sparebankens Status tillader det, dennes Bestillingsmænd og Direktører bevilges saadanne Honorarer, som ved Lov maatte bestemmes. Resten af nævnte Beløb henlægges til en Reservefond med det Formaal at dække de Tab, som Sparebanken maatte lide.

§ 4.

Dersom Sparebanken rammes af Tab, inden dens Reservefond er stor nok til at dække samme, saaledes at der maatte gribes til den i § 1 omtalte Garanti, skal saadant saasnart som muligt tilbagebetales af Reservefondens Indtægter, efterhaanden som disse falde.

§ 5.

Den i § 20 a. til Omkostninger og Reservefond bestemte Del af Renterne kan ved Lov nedsættes, naar Reservefonden er bleven stor nok til, at saadant findes gjørligt. Dersom derimod Erfaringen viser, at denne Del af Renterne ikke er tilstrækkelig til Omkostninger og nødvendig Forøgelse af Reservefonden for Fremtiden, saa kan der ved Lov bestemmes, at nævnte Del skal forhøjes fra 5 pCt. indtil 10 pCt. af Sparebankens Renter, fraregnet Dagrenter af indestaaende Kapitaler.

Nr. 2. 10. febr.

6. gr.

Söfnunarsjóðurinn hefur þessi hlunnindi:

a. Ef viðskiptabók við Söfnunarsjóðinn hefur glatazt, getur stjórn hans stefnt til sín handhafa hennar með þítekinni auglýsingu í blaði því, sem stjórnarvalda auglýsingar eru birtar í, og ef enginn hefur þá gjört vart við sig innan eins árs, þá má gefa út og afhenda vaxtaeiganda þeim, sem tilgreindur er í bókum Söfnunarsjóðsins, eða umboðsmanni hans, nýja viðskiptabók fyrir því fje, er hin glataða viðskiptabók hljóðaði upp á, og er hún frá þeim tíma ógild.

b. Fje það, sem lagt hefur verið í Söfnunarsjóðinn, ásamt vöxtum þess, er undan þegið kyrrsetning eða löghaldi, meðan það stendur þar.

c. Söfnunarsjóðnum er heimilt að áskilja sjer hærri vöxtu en 4 % um árið af útlánum gegn fasteignarveðum.

d. Söfnunarsjóðurinn er undan þeginn tekjuskatti og sömuleiðis útsvari.

7. gr.

Í stjórn Söfnunarsjóðsins skal vera einn framkvæmdarstjóri, er hið sameinaða alþingi kýs til 6 ára, og tveir gæzlustjórar, er kosnir eru sinn af hvorri deild alþingis til fjögra ára. Af gæzlustjórum þeim, sem í fyrsta skipti eru kosnir, skal þó annar að tveim árum liðnum fara frá eptir hlutkesti.

Endurkosning getur átt sjer stað.

8. gr.

Landshöfðingi getur vikið hverjum forstjóra Söfnunarsjóðsins frá um stundarsakir, þegar honum þykir ástæða til. Þá er forstjóra er vikið frá um stund, eða hann fyrir sjúkdóm eða önnur forföll fær eigi gegnt störfum sínum, og sömuleiðis, ef sæti verður autt í forstjórninni, setur landshöfðingi mann til að gegna störfunum um stundarsakir.

9. gr.

Heimili Söfnunarsjóðsins er í Reykjavík, og þar skulu forstjórarnir vera búsettir.

10. gr.

Framkvæmdarstjóri annast dagleg störf Söfnunarsjóðsins og stýrir þeim undir umsjón gæzlustjóranna og með aðstoð þeirra. Þegar forstjórarnir eiga fund með sjer, skal bóka það, er þar gjörist, og þeir rita allir nöfn sín undir. Rísi ágreiningur milli þeirra um eitthvert málefni, ræður atkvæðafjöldi, nema þegar svo stendur á, sem um er rætt í 19. gr. a og 23. gr., að atkvæði þeirra þurfa að vera samhljóða. Ef framkvæmdarstjóra þykir einhver ákvörðun gæzlustjóranna vera án löglegrar heimildar, getur hann þó látið fyrirfarast að fullnægja henni.

11. gr.

Stjórn sjóðsins skipar bókara og fjehirði Söfnunarsjóðsins og víkur þeim frá. Hún ákveður starftímann, en þó má starfstofa Söfnunarsjóðsins eigi vera sjaldnar opin fyrir almenning, en einu sinni á mánuði hverjum.

12. gr.

Allar kvittanir, meðal annars fyrir fje, sem lagt er inn í viðskiptabækur, verða, til þess að skuldbinda Söfnunarsjóðinn, að vera undirskrifaðar af fjehirði, og með áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar.

§ 6.

Sparebanken har efternævnte Begunstigelser:

a. Sparebankens Direktion kan, naar en af Banken meddelt Kontrabog bortkommer, ved Bekjendtgjørelse, som indrykkes 3 Gange i den for retslige Bekjendtgjørelser i Island bestemte Tidende, indkalde Ihændehaveren, og hvis Ingen melder sig inden et Aar, kan en ny Kontrabog udstedes og meddeles den i Sparebankens Bøger angivne Renteejer eller hans Befuldmægtigede for den bortkomne Kontrabogs paalydende Sum, fra hvilken Tid bemeldte Kontrabog er ugyldig;
b. De i Sparebanken indsatte Summer og disses Renter, saalænge de indestaa sammesteds, ere fritagne for Arrest og Beslag.
c. Sparebanken er berettiget til ved Udlaan i faste Ejendomme at betinge sig en højere Rente end 4 pCt.
d. Sparebanken er fritagen for Indkomstskat, samt for kommunal Ligningsskat.

§ 7.

Sparebankens Bestyrelse skal bestaa af en administrerende Direktør, der vælges for 6 Aar af det forenede Althing, og to kontrollerende Direktører, en valgt af hver af Althingets Afdelinger for 4 Aar ad Gangen. Af de første Gang valgte kontrollerende Direktører afgaar dog efter Lodtrækning den ene efter 2 Aars Forløb.

Gjenvalg kan finde Sted.

§ 8.

Landshøvdingen kan, naar han dertil maatte finde Anledning, suspendere et Medlem af Direktionen. Naar en Direktør bliver suspenderet eller ved Sygdom eller Forfald i andre Maader forhindres i at varetage sin Funktion, ligesom ogsaa i Tilfælde af Vakance i Direktørposterne, drager Landshøvdingen Omsorg for Forretningernes midlertidige Bestyrelse ved Konstitution.

§ 9.

Sparebankens Hjemsted er i Reykjavik, hvor Direktørerne skulle være bosatte.

§ 10.

Den administrerende Direktør besørger Sparebankens daglige Forretningsførelse under de kontrollerende Direktørers Tilsyn og Medvirkning. Forhandlingerne paa et Direktionsmøde skulle føres til Protokol, hvorunder alle Direktørerne skrive deres Navne. Opstaar der Uenighed mellem Direktørerne angaaende nogen Sag, afgjøres denne ved Stemmeflerhed med Undtagelse af de i §§ 19 a. og 23 omhandlede Tilfælde, hvor Enstemmighed udkræves. Finder den administrerende Direktør, at der ikke er Lovhjemmel for en af de kontrollerende Direktører tagen Bestemmelse, kan han undlade at udføre denne.

§ 11.

Sparebankens Direktion antager og afskediger Bogholder og Kasserer, samt bestemmer Sparebankens Forretningstid. Bankens Kontor skal staa aabent for Publikum mindst en Gang om Maaneden.

§ 12.

Alle Kvitteringer, derunder for Indskud i Kontrabøger, maa for at være bindende for Sparebanken være underskrevne af Kassereren og af Bogholderen forsynede med Paategning om at være noterede.

Nr. 2. 10. febr.

13. gr.

Jafnskjótt og efni sjóðsins leyfa að framkvæmdarstjóri og fjehirðir fái nokkra þóknun fyrir starfa sinn, skulu þeir setja hæfilegt veð, eptir því, sem þá verður ákveðið með lögum.

14. gr.

Stjórn Söfnunarsjóðsins er ávallt skyld til að gefa landshöfðingja allar þær upplýsingar um sjóðinn, er honum kann að þykja ástæða til að heimta. Landshöfðingi getur og, hve nær sem er, látið rannsaka allan hag sjóðsins.

15. gr.

Stjórn Söfnunarsjóðsins skal sjá um, að bækur hans sjeu svo færðar, að ætíð megi sjá ástand hans, hverjar skuldbindingar á honum hvíla, og hvernig fje hans er tryggt. Af öllum þeim bókum og skjölum, er sjóðurinn eigi má án vera, skulu vera til eptirrit, er geymast á öðrum stað, en frumritin. Starf-ár sjóðsins er almanaksárið.

16. gr.

Í desembermánuði ár hvert skal stjórn sjóðsins boða til fundar til að velja endurskoðara fyrir hið komandi ár; á fundi þessum hefur hver handhafi viðskiptabókar við Söfnunarsjóðinn, sem er fulltíða, atkvæðisrjett. Endurskoðari rannsaki reikning Söfnunarsjóðsins í hverju einstöku atriði, og beri hann saman við bækur sjóðsins og heimafjeð. Endurskoðarinn skal að minnsta kosti tvisvar á ári sann-reyna, hvort heimafje sjóðsins og eignir sjeu fyrir hendi, og gefa landshöfðingja skýrslu um það í hvert skipti. Landshöfðingi úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða reikning Söfnunarsjóðsins.

17. gr.

Ársreikning skal semja svo snemma, að búið sje að leggja hann fram með eptirriti af öllum nauðsynlegum fylgiskjölum á starfstofu Söfnunarsjóðsins eigi síðar en 31. marz ár hvert; skal hann liggja þar til ársloka, til þess að allir hlutaðeigendur geti skoðað hann, og sjeð, hverjar skuldbindingar hvíla á sjóðnum, og hvernig og með hverri tryggingu fje hans er ávaxtað; einungis þegar sá, sem fje hefur lagt í sjóðinn, hefur beinlínis óskað þess, að óviðkomandi menn verði eigi látnir vita nafn sitt, eða með hverjum skilmálum hann hefur lagt fje í sjóðinn, skal eptir því fara, meðan hann er á lífi. Sá, sem sýnir viðskiptabók við sjóðinn, á rjett á að bera hana saman við hlutaðeigandi dálk i aðalbókinni. Útdrátt af reikningi sjóðsins skal auglýsa í stjórnartíðindunum, deildinni B.

18. gr.

Í Söfnunarsjóðinn verður eigi annað fje lagt en það, sem gengið getur inn í aðaldeild hans eða útborgunardeildina eða bústofnsdeildina eða ellistyrksdeildina.

a. Aðaldeild Söfnunarsjóðsins tekur á móti fje með þeim skilmálum, að höfuðstóllinn verði aldrei útborgaður, heldur geti að eins skipt um vaxtaeigendur samkvæmt því, sem upphaflega er ákveðið, sem og að árlega megi leggja eitthvað af vöxtunum við höfuðstólinn.

§ 13.

Saasnart Sparebankens Status tillader, at den administrerende Direktør og Kassereren kunne faa noget Honorar for deres Arbejde, skulle de stille en passende Kaution, som saa vil være at bestemme ved Lov.

§ 14.

Sparebankens Direktion er til enhver Tid pligtig at meddele Landshøvdingen enhver Oplysning angaaende Sparebankens Forhold, som han maatte finde Anledning til at begjære. Landshøvdingen kan derhos til enhver Tid lade foretage en Undersøgelse af samtlige Sparebankens Forhold.

§ 15.

Sparebankens Direktion skal drage Omsorg for, at dens Bøger føres saaledes, at dens Status til enhver Tid kan ses, samt hvilke Forpligtelser der paahviler den, og hvorledes dens Kapitaler ere sikkrede. Af alle de for Sparebanken umdværlige Bøger og Dokumenter skulle Kopier opbevares paa et andet Sted end Originalerne. Sparebankens Forretningsaar er Kalenderaaret.

§ 16.

Sparebankens Direktion skal i hvert Aars Decembermaaned sammenkalde et Møde til Valg af en Revisor for det kommende Aar; enhver myndig Ihændehaver af en af Sparekassen udstedt Kontrabog er stemmeberettiget paa Mødet. Revisor har at gjennemgaa Sparebankens Regnskab i alle dets Enkeltheder og at sammenholde dette med Bankens Bøger og Beholdninger. Mindst 2 Gange aarlig har Revisor at overbevise sig om Tilstedeværelsen af Bankens Beholdning og Aktiver og hvergang give Landshøvdingen Beretning herom. Sparebankens reviderede Regnskab decideres og kvitteres af Landshøvdingen.

§ 17.

Det aarlige Sparebanksregnskab skal opgjøres saa betids, at Gjenpart deraf med alle fornødne Bilag seneste den 31te Marts hvert Aar er fremlagt paa Sparebankens Forretningskontor, hvor det skal henligge indtil Aarets Udgang, for at alle vedkommende kunne eftersе det og overbevise sig om, hvilke Forpligtelser der paahvile Sparebanken, og hvorledes og mod hvilken Sikkerhed dens Kapitaler forrentes. Kun naar nogen, der har gjort Indskud i Sparebanken, udtrykkelig har ønsket, at Uvedkommende ikke faa hans Navn at vide, eller paa hvilke Vilkaar han har gjort Indskud i Sparebanken, skal saadant Ønske efterkommes for hans Levetid. Enhver, der fremviser en af Sparebanken udstedt Kontrabog, er berettiget til at sammenholde denne med vedkommende Konto i Hovedbogen. Udtog af Sparebankens Regnskab skal offentliggjøres i Regjeringstidenden, Afdeling B.

§ 18.

I Sparebanken modtages kun Indskud i dens Hovedafdeling eller Udbetalingsafdelingen eller Udstyrsafdelingen eller Alderdomsforsørgelsesafdelingen.

a. I Sparebankens Hovedafdeling modtages Penge paa Vilkaar, at den indskudte Kapital aldrig tilbagebetales, men at Renteejerne alene kunne skifte i Henhold til den oprindelige Bestemmelse, samt at aarlig noget af Renten kan lægges til Kapitalen.

Nr. 2. 10. febr.

Undir aðaldeild Söfnunarsjóðsins heyrir deild hinnar æfinlegu erfingjarentu, er tekur á móti fje með þeim skilmálum, að jafnan skuli árlega leggjast við höfuðstólinn hálfir vextirnir af honum, en hinn helmingurinn falla árlega til útborgunar til nafngreinds manns sem vaxtaeiganda, eða þeirra, sem vaxtaeigendur verða að innstæðunni eptir hans dag, því að að hinum nafngreinda vaxtaeiganda látnum eiga allir lögákveðnir erfingar hans rjett til, að innstæða sú, er hann var vaxtaeigandi að, skiptist frá næstu árslokum eptir fráfall hans milli þeirra sem vaxtaeigenda, eptir þeirri tiltölu, sem fyrir skipuð er um lögerfðir, og getur þá hver þeirra fengið það, sem honum hlotnast, flutt í bókum Söfnunarsjóðsins til sín sem vaxtaeiganda, og sama rjett hafa að hverjum þeirra látnum allir lögákveðnir erfingjar hvers þeirra, og sama gildir framvegis við fráfall hvers vaxtaeiganda að nokkru af umræddu fje. Sá sem er vaxtaeigandi að fje í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu, getur ráðstafað vöxtum þeim, er höfuðstóllinn ber til næstu ársloka eptir fráfall hans og útborgast eiga, en lengra ná eigi umráð hans yfir fje þessu.

b. Útborgunardeildin tekur á móti fje með þeim skilmálum, að höfuðstóllinn með öllum vöxtum falli til útborgunar 1. júlí það ár, sem upphaflega er annaðhvort beinlínis tilnefnt eða miðað við, að höfuðstóllinn hafi náð tiltekinni upphæð, eða sem síðar er ákveðið með 2 ára fyrirvara, enda sjeu þá full 15 ár liðin frá því fjeð fyrst var lagt í sjóðinn; innlög þau til viðbótar slíkum höfuðstól, er skemur kunna að hafa staðið í sjóðnum, falla til útborgunar 1. júlí árið eptir, en eigandinn fær eigi vexti af þeim lengur en af hinum höfuðstólnum, heldur falla þeir eptir þann tíma til varasjóðsins.

c. Bústofnsdeildin tekur á móti fje manna, er eigi hafa lifað 20 árslok, með þeim skilmálum, að allir vextirnir leggist árlega við höfuðstólinn, en ef eigandinn deyr, áður en hann hefur lifað 25 árslok, þá falli innlögin sjálf vaxtalaus til útborgunar til handhafa viðskiptabókarinnar, sbr. 21. gr. a., hálfu ári eptir að stjórn Söfnunarsjóðsins er tilkynnt andlátið; en það, sem við innlögin hefur bætzt í sjóðnum, gangi sem erfðafje til allra þeirra, sem fæddir eru sama ár sem eigandinn, og fje áttu í deild þessari um næsta ný-ár á undan láti hans; fje þetta skiptist milli þeirra tiltölulega eptir upphæðum þeim, er hver þeirra átti auk innlaganna í deild þessari um nefnt ný-ár; lifi enginn, sem fæddur er sama ár sem eigandinn, og átt hefur þá nokkuð í deild þessari, fellur fjeð til varasjóðsins; en lifi eigandinn 25 árslok, þá falla til útborgunar 1. júlí næst á eptir innlögin með öllu því, er við þau hefur bætzt í sjóðnum, bæði vöxtum og nefndu erfðafje.

d. Ellistyrksdeildin er löguð eins og bústofnsdeildin, nema þar er í staðinn fyrir 20 og 25 árslok, miðað við að hafa lifað 60 og 65 árslok.

19. gr.

a Í fyrsta skipti sem fje einhvers á að leggjast í Söfnunarsjóðinn, eða þegar það á að gjöra með öðrum skilmálum, en fje hans áður hefur verið lagt inn, skal sá, er það vill gjöra, nákvæmlega til taka skriflega, hvernig með það skal fara. Vilji þá allir forstjórar Söfnunarsjóðsins taka á móti fjenu með þessum skilmálum,

Under Hovedafdelingen hører Afdelingen for den stedsevarende Arvingerente, der modtager Indskud paa Vilkaar, at Halvdelen af Renterne stedse aarlig lægges til Kapitalen, hvorimod den anden Halvdel aarlig udbetales til en navngiven Person som Renteejer eller til dem, der efter hans Død blive Renteejere af Beløbet. Ved den navngivne Renteejers Død ere nemlig alle hans Arvinger efter Loven berettigede til, at det Beløb, hvoraf han var Renteejer, fra næste Nytaar efter hans Død fordeles mellem dem alle som Renteejere i det ved Arvereglerne bestemte Forhold, hvorefter enhver af dem kan erholde sin Del overført paa sit Navn som Renteejer i Sparebankens Bøger, og ved deres Død har hver enkelts Arvinger efter Loven den samme Rettighed, hvilket fremdeles gjælder ved enhvers Død, der har været Renteejer af en Del af bemeldte Kapital. En Renteejer af en Sum i Afdelingen for den stedsevarende Arvingerente kan træffe Bestemmelse om Anvendelsen af den Del af Kapitalens Renter indtil næste Nytaar efter hans Død, som skal udbetales, men længere strækker hans Raadighed over bemeldte Sum sig ikke.

b. Udbetalingsafdelingen modtager Indskud paa Vilkaar, at Kapitalen med paaløbne Renter forfalder til Udbetaling den 1ste Juli det Aar, der enten fra Begyndelsen udtrykkelig er nævnet, eller i hvilket Kapitalen har opnaaet en forud fastsat Størrelse, eller som senere med 2 Aars Varsel bestemmes, dog at der da ere forløbne fulde 15 Aar fra den Dag, da Indskudet først blev indbetalt i Banken. De til Kapitalens Forøgelse gjorte Indskud, der maatte have indestaaet en kortere Tid i Sparebanken, forfalde til Udbetaling den 1ste Juli Aaret efter, men Ejeren erholder ikke Renter deraf længere end af Kapitalen, hvorimod disse efter den Tid tilflyde Reservefonden.

c. Udstyrsafdelingen modtager Indskud fra Personer, der ikke have levet 20 Nytaar, paa Vilkaar, at hele Renten aarlig henlægges til Kapitalen, men dersom Ejeren dør, inden han har oplevet 25 Nytaar, forfalder selve Indskudene uden Renter til Udbetaling til Indehaveren af Kontrabogen, jfr. § 21 a, et halvt Aar efter at Dødsfaldet er anmeldt for Sparebankens Direktion. Men den Tilvext, som Indskudene have modtaget i Sparebanken, skal som Arv tilfalde alle, som ere fødte i samme Aar som Ejeren, og som vare Ejere af Indskud i denne Afdeling ved sidste Nytaar inden hans Død. Beløbet fordeles mellem dem i Forhold til de Summer, som hver enkelt foruden Indskudene ejede i bemeldte Afdeling ved fornævnte Nytaar. Dersom Ingen, der er født i samme Aar som Ejeren og har havt Beløb indestaaende i denne Afdeling, er i Live, tilfalder Summen Reservefonden. Dersom derimod Ejeren oplever 25 Nytaar, forfalder Indskudet til Udbetaling den næstfølgende 1ste Juli, tilligemed hele den Tilvext, Indskudet har faaet i Sparebanken, baade Renter og fornævnte Arvesummer.

d. Alderdomsforsørgelsesafdelingen er ordnet paa samme Maade som Udstyrsafdelingen, dog med den Modifikation, at istedetfor 20 og 25 Nytaar komme 60 og 65 Nytaar.

§ 19.

a. Første Gang en Person vil gjøre Indskud i Sparebanken, eller naar Indskud skal gjøres paa andre Vilkaar, end der for samme Person før ere gjorte, bør Vedkommende indsende en nøjagtig skriftlig Angivelse af Vilkaarene. Dersom alle Sparebankens Direktører ville paa disse Vilkaar modtage Beløbet, indføre de en

Nr. 2. 10. febr.

gefa þeir skuldbinding þar að lútandi í viðskiptabók við Söfnunarsjóðinn með árituðu nafni og tölulið, og skal fyrir hana greiða til kostnaðar og varasjóðs 1 kr., en viðskiptabókin gildir í öllu tilliti sem samningur við sjóðinn. Skuldbindinguna skal inn færa í fundarbók þá, sem um er rætt í 10. gr. Það nægir þó, að framkvæmdarstjóri Söfnunarsjóðsins undir skrifi einn skuldbindinguna í viðskiptabókum þeim, sem tölusettar hafa verið og fullgiltar af öllum forstjórunum, fyrir fje, sem lagt er í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu eða bústofnsdeildina eða ellistyrksdeildina.

b. Innlögin eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minna en 1 kr. í hvert skipti.

c. Innlög öll skal, auk dagbókar, innfæra í aðalbók, og hefur þar hver vaxtaeigandi (hver sjerstök eign) dálk sjer með sömu yfirskript og hlutadeigandi viðskiptabók.

d. Innlög öll skal innfæra í hlutaðeigandi viðskiptabók, ef innleggjandi hefur hana með sjer; að öðrum kosti getur hann fengið sjerstaka kvittun fyrir innlaginu, en fyrir hana skal hann þá greiða fjehirði 10 aura

e. Stjórn sjóðsins er heimilt að neita að taka á móti innlögum í sjóðinn.

20. gr.

a. Þegar búið er fyrir hvert almanaksár að gjöra upp reikning Söfnunarsjóðsins og sjá vextina af sjóðnum í heild sinni hið liðna ár, þá skal draga frá þeim, að frádregnum dagvöxtum af innstæðufje, 5 % til kostnaðar og varasjóðs og sömuleiðis það, sem að því búnu kynni að vera umfram 4 % af höfuðstólnum; það sem eptir er, skiptist tiltölulega milli allra vaxtaeigenda, þar á meðal til varasjóðsins, eptir þeim upphæðum, er hverjum þeirra tilheyra og arðberandi voru í sjóðnum allt hið liðna ár; vextir hvers eins tilfærast svo í dálki hans og teljast lagðir við höfuðstólinn á ný-ári, að svo miklu leyti, sem þeir ekki eiga að útborgast á árinu.

b. Af fje, sem inn er lagt á árinu, reiknast dagvextir til ársloka, er sjeu $^1/_2$ % lægri um árið en vextir þeir, sem vaxtaeigendur fengu næsta ár á undan; við árslok leggjast dagvextirnir við höfuðstólinn að því leyti, sem þeir ekki eiga að útborgast; af höfuðstól, sem útborga skal á árinu, reiknast sömu dagvextir til þess tíma, er hann fellur til útborgunar, og falla þeir til varasjóðsins, nema af því fje, sem innlagt hefur verið áður en lög þessi öðlast gildi og það eigi hefur verið áskilið við; en sje höfuðstóllinn eigi tekinn sex mánuðum eptir að hann er fallinn til útborgunar, þá reiknast og frá þeim tíma af honum vextir, er einnig falla til varasjóðsins.

c. Vextir reiknast eigi í minni pörtum en heilum eyri af hverjum 100 kr. eða minna.

d. Vextir fyrir hvert ár fást útborgaðir, eptir að búið er að leggja fram reikning sjóðsins.

e. Þegar vextir þeir, er útborgast ættu af upphæð í einum dálki, eigi nema 10 kr., verða þeir eigi útborgaðir, heldur leggjast þeir þegar við höfuðstólinn; sama gildir og um vexti af upphæð, er eigi hafa verið teknir vextir af í tvö næstliðin ár, ef eigi er aðvörun gjörð fyrir ný-ár um, að þeir eigi að takast það ár.

Forpligtelse desangaaende i en Sparebank-Kontrabog med paategnet Navn og Nr., hvorfor der erlægges 1 Kr. til Omkostninger og til Reservefondet. Kontrabogen gjælder fuldstændig som Kontrakt med Sparebanken. Forpligtelsen skal tilføres den i § 10 omtalte Forhandlingsprotokol. Dog er det tilstrækkeligt, at den administrerende Direktør alene underskriver Forpligtelsen i de med Numre betegnede og af alle Direktørerne autoriserede Kontrabøger for de i Afdelingen for den stedsevarende Arvingerente, Udstyrsafdelingen eller Alderdomsforsørgelsesafdelingen gjorte Indskud.

b. Indskudene maa ske i gangbare Penge. Der modtages ikke mindre end 1 Kr. ad Gangen.

c. Alle Indskudene skulle foruden i en Journal ogsaa indføres i en Hovedbog, hvor enhver Renteejer (enhver særskilt Kapital) har en Konto med samme Overskrift som vedkommende Kontrabog.

d. Alle Indskudene skulle indføres i vedkommende Kontrabog, saafremt den, der gjør Indskudet, har Kontrabogen med; i modsat Fald kan han faa en særskilt Kvittering, imod at han til Kassereren erlægger 10 Øre.

e. Sparebankens Direktion er berettiget til at afslaa at modtage Indskud i Sparebanken.

§ 20.

a. Naar Sparebankens Regnskab for hvert Kalenderaar er opgjort, og man har Oversigt over Renterne i deres Helhed for det forløbne Aar, skal herfra, fraregnet Dagrenter af indestaaende Beløb, drages 5 pCt. til Omkostninger og Reservefond og endvidere, hvad der herefter maatte overstige 4 pCt. af Kapitalen. Resten fordeles blandt alle Renteejere, derunder Reservefonden, i Forhold til de Beløb, hver enkelt havde indestaaende som rentebærende hele det forløbne Aar. Hver enkelts Renter indføres i hans Konto og anføres som lagte til Kapitalen ved Nytaar, forsaavidt de ikke skulle udbetales i Aarets Løb.

b. Af de Indskud, der gjøres i Aarets Løb, beregnes Dagrenter, ½ pCt. lavere om Aaret, end Renteejerne erholdt for det foregaaende Aar, til Aarets Udgang, til hvilken Tid Dagrenterne henlægges til Kapitalen, forsaavidt de ikke skulle udbetales. Af en Kapital, der skal udbetales i Aarets Løb, beregnes de samme Dagrenter indtil den Tid, da Udbetalingen skal finde Sted, hvilke Dagrenter tilfalde Reservefonden; herfra undtages dog de inden denne Lovs Ikrafttræden i Sparebanken indsatte Beløb, hvorved der intet Forbehold i denne Retning er taget; men saafremt Kapitalen ikke er hævet inden 6 Maaneder, efter at den er forfalden til Udbetaling, saa beregnes der fra den Tid af Renter af den, som ogsaa tilfalde Reservefonden.

c. Renter beregnes ikke i mindre Dele end 1 Øre af 100 Kr. eller mindre.

d. Renter for hvert Aar erholdes udbetalte, naar Sparebankens Regnskab er fremlagt.

e. Naar de Renter, der skulle udbetales af et Beløb paa en Konto, ikke andrage 10 Kr., udbetales disse ikke, men henlægges til Kapitalen. Det samme gjælder ogsaa om Renter af Beløb, hvoraf der ikke er hævet Renter i de sidste to Aar, dersom der ikke inden Nytaar gjøres Anmeldelse om, at Renterne ville blive hævede i det paafølgende Aar.

Nr. 2. 10. febr

f. Vextir þeir, sem útborgast eiga, en óteknir eru í lok næsta septembermánaðar, leggjast þá þegar við höfuðstólinn; sje höfuðstóll eigi tekinn sex mánuðum eptir að hann er fallinn til útborgunar, fæst hann eigi útborgaður úr því, nema með þriggja mánaða fyrirvara.

21. gr.

a. Borgun á sjer stað í gjaldgengum peningum á starfstofu Söfnunarsjóðsins; útborgað fje sem og tilkynningar, sem hafa útborgun í för með sjer, tilfærist í dálki vaxtaeiganda í aðalbókinni og í viðskiptabókinni með áritun bókara um að það sje athugað, og skal kvittun gefin fyrir fjenu í kvittunarbók af viðtakanda; svo skal hann og, ef fjeð er eigi hans eign, sýna að hann hafi umboð hlutaðeiganda til að taka við því, ef þess er krafizt, en enga ábyrgð hefur Söfnunarsjóðurinn á því, þótt þann, er við fjenu tekur, vanti slíkt umboð, ef hann hefur viðskiptabókina; á sama hátt er og farið að, þegar fje er flutt frá einum vaxtaeiganda til annars; þó má, án þess viðskiptabók sje sýnd nokkur ár í röð, fá vexti útborgaða eptir ávísun vaxtaeiganda, ef notarius publicus hefur staðfest undirskript hans undir ávísun og vottað, að það sje innfært í viðskiptabókina, að vextirnir fyrir umrætt ár sjeu ávísaðir.

b. Ef viðskiptabók hefur glatazt, verður vaxtaeigandi að fá hana gjörða ógilda og nýja viðskiptabók útgefna, áður en útborgun eða flutningur á fje til annars vaxtaeiganda getur átt sjer stað.

c. Þá er höfuðstóll með vöxtum er borgaður út, eða hann er fluttur til, svo að ekkert er eptir, skal aptur skila viðskiptabókinni án endurgjalds.

d. Hafi menn átt fje í bústofns- eða ellistyrksdeildinni, og þeir sjeu búnir að fá það útborgað, en það sannist síðar, að maður hafi dáið, er þar átti fje, og þeim beri hlutdeild í því, þá má með þrítekinni auglýsingu í blaði því, er stjórnarvalda auglýsingar eru birtar í, skora á þá, að taka tjeð fje sitt sem fyrst, en hafi það þá eigi verið gjört, áður en ár er liðið, þá fellur það til varasjóðsins.

22. gr.

Ef vaxtaeigandi eða erfingjar hans í 50 ár ekki vitja sjóðsins, eða taka eigi innan 10 ára höfuðstól, sem fallinn er til útborgunar, og þeir heldur eigi gjöra vart við sig innan tveggja ára eptir þrítekna auglýsingu í blaði því, sem stjórnarvalda auglýsingar eru birtar í, er allur höfuðstóllinn með vöxtum orðinn eign varasjóðsins.

23. gr.

Stjórn Söfnunarsjóðsins skal kosta kapps um að gjöra fje hans sem bezt arðberandi og þó einkum með nægilegri tryggingu, með því að lána það út gegn 1. veðrjetti í fasteign, er sje að minnsta kosti helmingi meira virði en láninu nemur, og verður ekkert lán veitt, nema forstjórarnir allir sjeu því samþykkir; þegar sjerstaklega stendur á, má einnig gjöra fje sjóðsins arðberandi á annan hátt, ef forstjórarnir eru allir samdóma um, að það sje full-tryggilegt, og landshöfðingi veitir til þess samþykki sitt. Framkvæmdarstjórinn getur þess utan til bráðabirgða lagt fje, Söfnunarsjóðnum tilheyrandi, í landsbankann, eða annan slíkan sjóð, sem heimilt er að láta í fje ómyndugra og annað almannafje. Forstjórar Söfnunarsjóðsins og sýslunarmenn mega eigi á neinn hátt vera skuldskeyttir honum.

f. De Renter, som skulle udbetales, men ikke ere hævede ved Udgangen af næstpaafølgende September Maaned, henlægges da strax til Kapitalen. Naar en Kapital ikke hæves inden 6 Maaneder, efter at den er forfalden til Udbetaling, kan den derefter kun erholdes udbetalt med 3 Maaneders Varsel.

§ 21.

a. Udbetalinger finde Sted med gangbare Penge paa Sparebankens Forretningskontor. Udbetalinger samt Anmeldelser, der have Udbetalinger til Følge, anføres i Renteejerens Konto i Hovedbogen samt i Kontrabogen tilligemed Bogholderens Paategning om at være noterede; af Modtageren skal i en Kvitteringsbog meddeles Kvittering for Beløbet, ligesom Modtageren ogsaa, dersom han ikke selv er Ejer af Beløbet, paa Forlangende bør fremvise en Fuldmagt fra Vedkommende til at modtage samme; dog bærer Sparebanken intet Ansvar, selv om Modtageren ikke har en saadan Fuldmagt, saafremt han har Kontrabogen. Paa samme Maade forholdes med Overførelse af Beløb fra den ene Renteejer til den anden; dog kunne Renter, uden at Kontrabog fremvises, nogle Aar i Træk erholdes udbetalte mod Renteejerens Anvisning, naar dennes Underskrift, samt Anvisningens Notering i Kontrabogen, attesteres af vedkommende Notarius publicus.

b. Naar en Kontrabog bortkommer, maa vedkommende Renteejer, inden Udbetaling eller Overførelse af Beløb til en anden Renteejer kan finde Sted, saa denne mortificeret og en ny udstedt.

c. Naar en Kapital med Renter udbetales eller helt overføres til en anden, skal vedkommende Kontrabog uden Vederlag tilbageleveres.

d. Saafremt en Interessent har faaet det ham i Udstyrs- eller Alderdomsforsørgelsesafdelingen tilhørende Beløb udbetalt, og det senere bevises, at en Person er død, der ogsaa havde Beløb indestaaende sammesteds, hvori der tilkommer Førstnævnte en vis Andel, kan denne ved en tre Gange gjentaget Bekjendtgjørelse i den for retslige Bekjendtgjørelser bestemte Tidende opfordres til ved første Lejlighed at afhente det ham saaledes tilkommende Beløb, men saafremt dette ikke inden et Aars Forløb er hævet, tilfalder det Reservefonden.

§ 22.

Dersom en Renteejer eller dennes Arvinger ikke i 50 Aar melde sig i Sparebanken eller ikke inden Udløbet af 10 Aar hæver en til Udbetaling forfalden Kapital og heller ikke, inden Udløbet af 2 Aar, efter en 3 Gange gjentaget Bekjendtgjørelse i den for retslige Bekjendtgjørelser bestemte Tidende, lader høre fra sig, er hele Kapitalen med Renter tilfalden Reservefonden.

§ 23.

Sparebankens Direktion skal drage Omsorg for, at gjøre dens Kapitaler saa frugtbringende som muligt og først og fremmest paa tilstrækkelig betryggende Maade, ved at udlaane dem mod første Prioritet i faste Ejendomme, der idetmindste ere vurderede til det Dobbelte af Laanets Beløb. Intet Laan kan tilstaas, medmindre hele Direktionen deri er enig. Under særlige Omstændigheder kunne Sparebankens Kapitaler ogsaa gjøres frugtbringende paa anden Maade, naar hele Direktionen er enig om, at Sikkerheden er fuldstændig betryggende, og Landshøvdingen giver sit Samtykke dertil. Desuden kan den administrerende Direktør foreløbig indsætte Sparebanken tilhørende Beløb i Landsbanken eller et andet saadant Pengeinstitut, hvori det er tilladt at indsætte Umyndiges og offentlige Midler. Bankens Direktører og Funktionærer maa ikke staa i noget Gjældsforhold til Banken.

Nr. 2. 10. febr.

24. gr.

Í skuldabrjefum fyrir lánum einstakra manna skal jafnan áskilja, að sjeu vextir eða höfuðstóll eigi greiddir í rjettan gjalddaga, þá skuli í viðbót við hina umsömdu leigu greiða einn eyri af hverjum fullum 200 kr. lánsins fyrir hvern dag, sem líður frá gjalddaga og þangað til full skil eru gjörð. Ennfremur skal láutakandi að minnsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna fullnægjandi skírteini fyrir því, að veðið hafi eigi rírnað í verði, svo að sjóðnum geti verið nein hætta búin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 10. febrúar 1888.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

§ 24.

I de for Laan til Private udstedte Obligationer skal der altid tages Forbehold om, at saafremt Renter eller Kapital ikke betales til rette Forfaldstid, skal der foruden den bestemte Rente endvidere betales 1 Øre af hver fulde 200 Kr. af Laanets Beløb for hver Dag, der hengaar fra Forfaldsdagen, indtil fuld Betaling sker. Endvidere bør Laantageren, saalænge Laanet staar, idetmindste hvert 5te Aar, fremvise tilstrækkelige Bevisligheder for, at Pantet ikke er blevet forringet i Værdi, saaledes at Sparebanken derved kan udsættes for Tab.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette

Givet paa Amalienborg, den 10de Februar 1888.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.